

ætti þessu, en að stjórnarráðið að öðru leyti ekki er fráhverft því, að halda málinu lengra, þegar uppástunga um fyrirkomulag þess, sem bygð er á rökum, liggur fyrir hendi, og verða menn því að fela herra amtmanninum á hendur, að útvega uppástungu þessa á hagkvæmastan hátt. 1856.
28. apríl.

11. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi um kennslu kvenna í yfirsetufræði. 30. apríl.

Samkvæmt skipun stjórnarherra dómsmálanna lætur stjórnardeildin ekki hjá líða, til þóknanlegrar vitundar og til nauðsynlegrar eptirbreytni, að senda herra stiptamtmaninum (amtmaninum) eptirrit af umburðarbréfi dómsmálastjórnarinnar til allra amtmanna í Danmörku, dagsettu 29. þ. m.¹

12. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi um sameining nokkurra prestakalla í Árness prófastsdæmi. 6. maí.

Eptir uppástungu herra stiptamtmannsins og yðar, háæru-

1) Umburðarbréf þetta er svo hljóðanda:

„Það dómsmálastjórnin hefir komizt að raun um, að það ber stundum við, að frásagnir þær, sem hlutaðeigandi landlæknar senda stjórnarnefndinni fyrir fæðingarhúsinu og uppfósturhúsinu, viðvikjandi því, að þörf sé á að kenna yfirsetukonum, ekki eru samkvæmar skýrslum amtmanna, og það menn verða að álita, að þetta komi til af því, að hlutaðeigandi landlæknir ekki hefir fengið vitneskju um hvað amtmaðurinn stingur uppá, þá eru það tilmæli mín til herra amtmannsins, að þér í málefnum þeim, sem snerta viðtöku þeirra kvenna, er kenna skal yfirsetufræði, ráðgist um við hlutaðeiganda landlækni, að minnsta kosti á þann hátt, að amtið birti honum í hvert skipti þegar einhver í hans umdæmi annaðhvort kemur í yfirsetukvennskólann eða skilur við hann.